

## Leikur yngstu barnanna

Leikurinn er lífstjáning barnsins og gleðigjafi. Í leik lærir barnið margt sem enginn getur kennt því, svokallað sjálfsnám. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Börn læra einnig nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit til hvera annars. Þau læra samskiptareglur og að virða rétt annarra. Frjáls leikur er leikur sem er stjórnað af börnunum sjálfum, án takmarkana raunveruleikans og er ekki stjórnað af fullorðnum.

Börn á aldrinum 0-3 ára eru á svokölluðu skyn-hreyfistigi. Í Sólborg miðast uppeldisstarf með yngstu börnunum við þá vitneskju starfsmanna að á þessum aldri læra börn best með því að kanna, koma við, athuga og reyna sjálf. Það er börnunum eðlilegt og nauðsynlegt að vera sífellt á hreyfingu til að æfa líkamlega færni sína.

### Félagsleg þróun leiks

Börn á aldrinum 0-2 ára leika í svokölluðum **Einleik**: Börnin eru þá mjög upptekin af sjálfum sér. Þau tengjast engum leikfélaga. Þau eiga það til að ganga um með leikföngin, stinga öllu í munninn og rusla til. Þetta er þeirra leikur og eiga þau sem allra mest að leika á gólfinu.

Börn á aldrinum 2-3 ára leika í svokölluðum **Samhliðaleik**: Áhugi fyrir leikfélaga byrjar. Þessi aldur er mjög upptekinn af því sem barnið við hliðina á þeim er að gera. Það á það til að rífa leikfang af viðkomandi og vilja alls ekki skila því. Á þessum aldri verða leikföngin mjög merkileg, þau vilja safna þeim og engin má taka. Viljastyrkur og sjálfstæði eykst sem og málþroskinn.

**Leikefni** sem hentar þessum aldri og þroska: **Könnunarleikur** og **Vísindaleikur** (að uppgötva, rannsaka, öðlast skilning með því að þreifa sig áfram) leikið á gólfi. Útivera og útikennsla – þar sem skynfærin og hreyfipörfin fá notið sín til fullnustu.